

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 309

Dagsetning: 29. apríl 2025

Fundartími: 08:15 – 10:07

Fundarstaður: Fundarsalur NO 4. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður

Víðir Benediktsson, fyrir Geir Kristín Aðalsteinsson

Hilda Jana Gísladóttir

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, fyrir Sóleyju

Björk Stefánsdóttir

Þórhallur Jónsson

Fjarverandi

Pröstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri

Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri

Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri

Gestir

Dagskrá fundar

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Trúnaðarmál – skráð í trúnaðarmálagerðarbók
3. Eigendastefna Akureyrarbæjar
4. Eimur – staða í rekstri
5. Önnur mál
 - a) Viðræður við Hörgársveit um veitur sveitarfélagsins
 - b) Viðræður við SAK um veitur á Kristnesi
 - c) Starfsánægja og eftirspurn eftir störfum hjá Norðurorku

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Víðir Benediktsson aldursforseti stjórnar, setti fyrsta fund stjórnar eftir aðalfund. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar er að skipta með sér verkum.

Stjórn samþykkti svofellda verkaskiptingu: Hlynur Jóhannsson formaður stjórnar, Geir Kristinn Aðalsteinsson varaformaður, Hilda Jana Gísladóttir ritari, Sóley Björk Stefánsdóttir meðstjórnandi og Þórhallur Jónsson meðstjórnandi.

2. Trúnaðarmál

Skráð í trúnaðarmálagerðarbók.

3. Eigendastefna Akureyrarbæjar

Akureyrarbær hefur samþykkt eigendastefnu. Norðurorka þarf að skoða hvaða áhrif stefnan hefur á fyrirtækið. Bæði þurfa stjórnendur NO og stjórn að skoða áhrifin og undirbúa það að vinna í samræmi við eigendastefnuna.

Til upplýsingar.

4. Eimur – staða í rekstri

Framkvæmdastjóri Eims hefur sent stjórn félagsins erindi þar sem hann lýsir stöðu í rekstrinum og reifar áhyggjur af framhaldinu. Övissa vegna tímabundinna skuldbindinga bakhjarla eru hluti vandans en einnig virðist stefna í þrönga fjárhagsstöðu á næsta ári.

Til upplýsingar og umræðu.

5. Önnur mál

a) Hörgársveit sendi stjórn Norðurorku hf. erindi síðasta sumar og óskaði eftir formlegum viðræðum um vatnsveitu Hjalteyrar, mögulegan rekstur/yfirtöku Norðurorku á veitunni og framkvæmdum hennar. Stjórn samþykkti á 300. fundi að fara í formlegar viðræður við Hörgársveit um málið. Frá þeim tíma hafa viðræður verið í gangi og m.a. hefur umræðan verið útvíkkuð og fráveitu á Hjalteyri bætt við ásamt fráveitu á Lækjarvöllum. Virðismat veitnanna er langt komið.

b) Norðurorka hafði frumkvæði að viðræðum við SAK um veitur á Kristnesi. Er þar um að ræða vatns-, hita- og fráveitu. Sammæltust NO og SAK um að láta meta virði veitnanna og kostnað við þær framkvæmdir sem ráðast þarf í. Talsverð vinna liggur í því að meta ástand veitna og í einhverjum tilvikum þarf að „finna“ lagnir og kortleggja. Sameiginlegur vilji er til þess að skoða að Norðurorka taki yfir veiturnar á Kristnesi.

c) Umræða um starfsánægju innan Norðurorku og eftirspurn eftir störfum.

a) Til upplýsingar.

b) Til upplýsingar.

c) Til umræðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.07